



## Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

7. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 7. mars 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar í fjarfundi

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara

Emilía R. Gilbertsdóttir, fulltrúi kennara

Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

#### 1. Vinna við stjórnskipun skólans

*Samráðshópur um stjórnskipun skólans hefur valið ráðgjafa, Ólöfu S. Sigurðardóttir (aukakennd.is), til að aðstoðar við að vinna að breyttri stjórnskipun skólans. Ólöf hefur lagt fram tillögu að breyttu stjórnskipulagi sem er til umræðu og þróunar hjá starfshópnum. Samráðshópin skipa skólastjóri, sveitarstjóri og formaður Skólanefndar.*

#### 2. Skólaþing

*Skólanefnd leggur til að fresta skólaþingi fram í september til að vinna við breytta stjórnskipun skóla verði lokið áður en skólaþing verður haldið og mögulegir nýjir starfsmenn komnir til starfa. Tillagan var samþykkt samhljóma og verður skólaþing haldið miðvikudaginn 6. september 2023 kl. 19:30.*

#### 3. Skóladagatal

*Fyrstu drög að skóladagatali Kerhólsskóla lögð fram til umræðu. Skólanefnd styður drögin sem verða rædd meðal starfsfólks og áætlað að leggja lokadrög fyrir næsta fund skólanefndar.*

#### 4. Önnur mál

*Skólanefnd samþykkir að leikskóla og frístund verði lokað kl. 14 þann 19. apríl vegna fræðsluferðar starfsfólks skólans til Ítalíu.*



**Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps**

**Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 18. apríl 2023, kl.14:15-16:00.**

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:33.